Skólapúlsinn –

Samantekt niðurstaðna

September og nóvember 2012

Skólapúlsinn er samtímamælingar fyrir sjálfsmat skóla. Hún er lögð fyrir nemendur í 6. -10. bekk. . Nemendur eru valdir að handahófi. Mælingar fara fram í september, nóvember, janúar, mars og maí. Í ár er mælt 5 sinnum þar sem 230 nemendur eru í skólanum

Setbergsskóli hóf notkun á Skólapúlsinum í desember 2010.

Upplýsingarnar úr nemendalistanum eru eingöngu notaðar til að búa til líkindaúrtök skólans sem notuð eru í könnuninni. Þegar byrjað er að svara spurningalista er nafni nemandans sjálfkrafa eytt. Þegar búið er að svara spurningalista er þátttökukóða nemandans einnig sjálfkrafa eytt. Þegar könnuninni er lokið er nöfnum og þátttökukóðum þeirra sem ekki hafa svarað einnig eytt

<u>Þeir þættir sem mældir:</u>

virkni nemenda

líðan þeirra,

skóla- og bekkjaranda.

Einnig eru gefnir möguleikar með opnum spurningum að lýsa því hvað sé gott og slæmt við skólann.

Niðurstöður eru birtar og sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Niðurstöður úr Skólapúlsi september og nóvember 2012

<u>Virkni nemenda í skólanum</u>

<u>Ánægja af lestri</u>

Undir þættinum virkni nemenda kom í ljós að nemendur í Setbergsskóla eru í nóvember á landsmeðaltali hvað varðar **ánægju af lestri**. **Ánægja af lestri hefur aukist frá því í september, þá var hún undir landsmeðaltali.** Í nóvember var lestrasprettur í sumum árgöngum sem ef til vill skýrir þessa auknu ánægju af lestri.

Kynjamunur er bæði í Setbergsskóla og á öllu landinu, stúlkur hafa töluvert meiri ánægju af lestri. 7. og 9. bekkur eru yfir landsmeðaltali en 6. 8. og 10. bekkur eru lægri en landsmeðaltal. Munurinn í 6. 8. og 10. bekk er mælanlegur en telst þó ekki mikill munur.

Stjórn á eigin árangri

Nemendur í Setbergsskóla telja að þeir hafi **stjórn á eigin árangri** og eru 0.5 stig yfir landsmeðaltali.

Áhugi á stærðfræði

Nemendur í Setbergsskóla sögðust hafa mikinn **áhuga á stærðfræði**. Setbergsskóli var næsthæsti skólinn yfir landið. Áhugi á stærðfræði er áberandi hjá 8. og 9. bekk í Setbergsskóla miðað við landsmeðaltal. Töluverður munur er á 8. bekk Setbergsskóla miðað við landið og mikill munur er á 9. bekk samanborið við landið.

Íþróttir og líkamsrækt

Nemendur í Setbergsskóla eru 0.65 stigum yfir landsmeðaltali þegar kemur að iðkum íþrótta og líkamsrækt.

Áhugahvöt nemenda

Meðaltöl sem snerta áhugahvöt svo sem **þrautseigja í námi, stjórn á eigin lífi og trú á eigin getu** mælast yfir meðaltali samanborið við landið í Setbergsskóla. 9. bekkur sker sig úr hvað varðar **þrautseigju í námi** upp á 1.5 stig og telst sá munur vera mikill út frá kvarðanum sem farið er eftir. **Trú á eigin námsgetu** og **stjórn á eigin árangri** mælist er meiri í Setbergsskóla en munurinn er ekki töluverður en þó mælanlegur.

Líðan nemenda í skólanum

Sjálfsálit nemenda

Sjálfsálit nemenda í Setbergsskóla er meira en mælist á landinu, sérstaklega skora strákar þar hátt, það munar rúmlega hálfu stigi á stelpum og strákum.

Stjórn á eigin lífi

Nemendur telja sig **hafa stjórn á eigin lífi** mælist hæst í Setbergsskóla af öllum skólum sem taka þátt í Skólapúlsi. Nemendur í Setbergsskóla eru 1.0 stigi yfir landsmeðaltal og telst það töluverður munur.

Vanlíðan og kvíði

Vanlíðan og kvíði mælist fyrir neðan landsmeðaltal sem er jákvætt en hefur heldur aukist frá því í september hjá nemendum. Einelti er minna í Setbergsskóla en mælist að landsmeðaltali

en hefur þó aðeins aukist frá síðustu mælingum. Þó ekki mælanlegt miða við kvarða (frá september til nóvember).

Skóla – og bekkjarandi

Skóla – og bekkjarandi er betri í Setbergsskóla en mælist að landsmeðaltali.

Samband nemenda við kennaara og stuðningur kennara

Samband nemenda í Setbergsskóla við kennara er aðeins minna en landsmeðaltalið og hefur frekar minnkað frá síðustu mælingum en þó ekki mælanlegt. 9.bekkurmælist þó með meira samband við kennara en landsmeðaltal. Hins vegar mælist **stuðningur kennara við nemendur** svipaður og landsmeðaltalið.

Agi í tímum og virk þátttaka í tímum

Agi í tímum mælist svipaður og á landsvísu. Virk þátttaka nemenda er svipuð og landsmeðaltalið, en þó sker 9. bekkur sig úr, hann er rúmlega einu stigi hærri en 9. bekkur á landinu. Agi í 6. bekk Setbergsskóla er minni í tímum að sögn nemenda könnunarinnar, þar sem 6. bekk í Setbergsskóla er hálfu stigi lægri en landsmeðaltal

Mikilvægi heimanáms

Þegar spurt er um **mikilvægi heimavinnu** og mælist Setbergsskóli þar yfir landsmeðaltali og þar skorar 9. bekkur hæst.

Herdís Danivalsdóttir, formaður matsteymis

Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri